



1. stjórnarfundur LH

Haldinn 24. október 2016 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal kl. 15:00

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson, Jóna Dís Bragadóttir, Helga B. Helgadóttir, Eyþór Jón Gíslason, Ólafur Þórisson, Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn og Magnús Benediktsson, Rúnar Bragason, Stefán G. Ármannsson, Sóley Margeirsdóttir, Ingimarsson úr varastjórn

Fjarverandi: Andrea M. Þorvaldsdóttir og Sóley tekur því sæti í aðalstjórn

1. Fundargerð síðasta fundar

Þegar samþykkt í tölvupósti og birt á vef LH.

2. Stjórnarfundur Landsmóts ehf. - LÁH

- Góður fundur haldinn í dag, farið yfir reikninga. Stefnt að aðalfundi í nóvember og loka þar ársreikningi.
- Landsmót ehf. tók lán 2014 upp á um það bil 10 milljónir. Rætt var um að fá því framlengt um tvö ár.
- Bindum vonir við tekjur af myndböndum inná WF, markaðssetja það verkefni hér heima og erlendis.
- LM2018 - stjórn LH skal skipa einn í verkefnastjórn þess móts. Tillaga stjórnar LM er að þar sitji Haukur Baldvinsson.

3. Landsþing – punktar

- Góðar umræður um þingið. Margt má betur fara við þinghaldið. Ingimar hædi skipulagi þess og stjórnun og sagði að ekki væri allt vel ígrundað sem kemur inn á þingið og fólk ekki vel undirbúið.
- Samþykkt var að stjórn og starfsfólk myndi gera gera leiðbeiningar fyrir formenn og alla þingfulltrúa til þeir verði betur undirbúnir. Gera þetta fyrir formannafund.
- Tillögu 7 var vísað til millipinganefndar. Það voru miklar umræður um þessa tillögu inni í keppnisnefnd. Niðurstaðan var sú að lesa þurfi lögina betur og taka tíma í að skoða þessi mál frá öllum hliðum. Nefndin skilar niðurstöðum fyrir formannafund 2017. Samþykkt að innsendu bréfi frá Sigurbirni Bárðarsyni þessu tengdu verði svarað.
- Tillögu 24 sömuleiðis til millipinganefndar.
- Fjárhagsnefnd þingsins kom með þá athugasemd að ekki lægi fyrir þinginu breyting/hækkun á árgjaldi félaga til LH. Samþykkt að stjórn leggi til þess háttar tillögu fyrir næsta þing.
- Farið verður yfir öll þingskjöl þingsins á vinnufundi stjórnar í Stykkishólmi 25.-26.nóvember.

4. Fundaplan vetrarins

Samþykkt að halda stjórnarfund fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Næsti fundur verður þó haldinn föstudaginn 4. nóvember í tengslum við Uppskeruhátíð hestamanna daginn eftir.



5. Embætti stjórnar

Stjórn skiptir með sér verkum skv lögum LH 1.4.1. Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri og Helga B Helgadóttir ritari.

6. Vinnuhelgi stjórnar

Samþykkt að fara í Stykkishólm 25.-26. nóvember n.k. og enda vinnutörnina á jólahlaðborði á hótél Stykkishólmi.

7. Uppskeruhátíð

Hátíðin verður haldin með sama sniði og síðustu ár í samstarfi við FHB. Andrea M. Þorvaldsdóttir hefur samþykkt að vera veislustjóri. Samþykkt var á fundinum að fá einhvern frá FHB með henni í það verkefni. Einnig var samþykkt að stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum verði boðið og mökum þeirra. Senda þarf út boðsbréf á gesti okkar sem allra fyrst.

8. FEIF þing 3. febrúar – Helsinki, Finnlandi

- Rætt var um og kynnt fyrir nýjum stjórnarmönnum hverjir hafa farið fyrir hönd LH á FEIF þingin. Það hafa verið formaður, varaformaður, þeir sem eru í nefndum FEIF og formaður keppnisnefndar.
- Skoða þarf hvaða „aukakandídata“ væri gott að senda með tilliti til kosninga í nefndir. Formaður gerði tillögu að því að Ólafur gjaldkeri færi. Einnig væri æskilegt að Sveinn Ragnarsson kandídat í menntanefnd FEIF færi sem og kandídat í leisurenefndina.
- Formaður minnst á að við þyrftum að fá að kynna myndböndin í WF á þinginu.
- Frestur til að skila inn tillögum er 25. nóvember.
- Klára þarf listann yfir FEIF þingfulltrúa LH sem fyrst og panta flug.

9. Skipun í nefndir LH

- Skoða þarf mönnun í nefndir. Heyra þarf í formönnum og kanna mönnun nefnda næsta kjörtímabil. Fara þarf í þá vinnu sem hafin var við greinargerðir og starfslýsingar nefnda.
- Samþykkt var að formaður myndi heyra í nefndarfólki og vinnuhelgin yrði nýtt m.a. í að skipa í nefndir.
- Laganefnd er ný nefnd sem samþykkt var að stofna og voru þessir aðila samþykktir:
 - i. Óðinn Elísson
 - ii. Ólafur Haraldsson
 - iii. Sigurður Guðmundsson
 - iv. Sóley Margeirsdóttir

10. Starfsmannamál

- Þórdís Anna Gylfadóttir hefur verið í tímabundnu starfi framyfir landsþing. Formaður stingur uppá að hún verði ráðin fram að áramótum í 70% starfi og var það samþykkt.



11. Önnur mál

- JDB - Markaðsverkefnið Horses of Iceland. RÞG sækist eftir því að sitja áfram fyrir hönd LH og var það samþykkt. Jóna DÍŚ segir frá því að hann hafi verið mjög öflugur þarna inni og mælir með því að hann haldi áfram. Hún mun einnig sitja áfram fyrir LH og miðla upplýsingum og fréttum úr framkvæmdastjórn verkefnisins.
- LÁH - Styrkir – Heimur hestsins, 1 milljón króna til LH og FHB sameiginlega í það verkefni frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti.
- Innsent bréf frá vegna leigu á Skógarhólum næsta sumar. Skrifstofa svarar játandi.
- Innsent bréf frá Fákí – samþykkt að vísa til keppnisnefndar. Skrifstofa sendi svar til Fáks.

Fundi slitið kl. 17:30

Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir